

Stýrihópur um framtíðarnýtingu Krýsuvíkursvæðisins

Fundargerð 3. fundar, sem haldinn var í fundarsal bæjarráðs Hafnarfjarðarbæjar
2. október 2015 og hófst kl. 16:00.

Fundinn sátu: Kristinn Andersen, Sigríður Björk Jónsdóttir og Valdimar Svavarsson.

Forföll boðuðu: Borghildur Sturludóttir og Júlíus Andri Þórðarson.

Staðan tekin frá síðasta fundi

Síðasti fundur fór fram í upphafi sumars, 4. júní, en ekki náðist að skipuleggja vettvangsferð hópsins fyrir sumarleyfi. Rifjað var upp erindisbréf hópsins, farið yfir það sem nú þegar liggur fyrir af efni og hugmyndir um hvernig ná megi utan um viðfangsefnið. Vísað er til þeirra punkta sem teknir voru saman á fyrri fundum hópsins.

Næstu skref

Ákveðið var að skipta verkum sem hér segir:

Stefnt að vettvangsferð nk. laugardag, 10. okt. kl. 13

Valdimar hafi samband við Dag Jónsson, vatnsveitustjóra, sem er hafsjór fróðleiks um svæðið, og leiti hjá honum eftir ráðleggingum fyrir vettvangsferðina. Dagur er í veikindaleyfi og var Valdimar falið að bera honum kærar kveðjur hópsins.

Fyrstu drög að samantekt hópsins.

Kristinn geri fyrstu drög að þeirri skýrslu sem hópurinn mun skila af sér, þótt ekki verði nema með kaflaheitum og minnispunktum, og setji inn á Dropbox hópsins. Þaðan geti þátttakendur í hópnum fært efni inn í drögin og mótað þau áfram.

Skilgreining markhópa sem hafa tengsl við svæðið og taka saman efni um minjar.

Sigríður Björk taki þetta saman.

Teknar saman fyrri hugmyndir um nýtingu svæðisins, einkum v. orkumál.

Skoða þarf m.a. þær skorður og þau tækifæri sem tengjast Rammaáætlun. Valdimar taki þetta saman.

Safnað saman erindum og hugmyndum til bæjarins um nýtingu svæðisins.

Hæfilegt væri að afmarka þetta við sl. 15 ár, eða frá aldamótum. Kristinn taki þetta saman.

Stefnt að næsta fundi miðvikudaginn 7. október, annað hvort í lok dags í Hafnarfirði eða hugsanlega í hádeginu í Reykjavík / Borgartúnssvæðinu.

Fundi slitið kl. 17:00.

Sent stýrihóp til samþykktar